

Ársfjórðungsuppgjör Q2 2026 Nova Klúbburinn hf.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri

Yfirlit klúbbsins

Nova Klúbburinn er að þróast frá einu öfluggu fjarskiptafélagi yfir í klúbb sérhæfðra félaga sem nýta tækni, þjónustu og innviði til að gera líf fólks og fyrirtækja betra.

Við sækjum vöxt þar sem tækni, innviðir og góð þjónusta mætast.

NOVA
KLÚBBURINN

Innviðafélög

Nova Innviðir

Stofnnet

55% hlutur

Sendafélagið

Dreifikerfi

Þjónusta & tækni

NOVA

ofar

KOSMOS

ligo

Nova/Rafal

— Dineout — 20% hlutur

Nova á bæði þjónustuna og virku innviðina

	Nova		Sýn	Síminn	Míla	Ljósleiðarinn	Íslandsturnar
	Samstæðan	Sendafélagið					
Þjónusta við viðskiptavinum							
Fjaraskiptakerfi (core)							
Farnet og sendar (RAN)							
Flutningsnet (MPLS / DWDM)							
Ljósleiðari og turnar							

Fylltur reitur = félagið á þennan hluta keðjunnar

Styrkur Nova liggur í nálægðinni milli innviða og fjaraskiptaþjónustu.

Verðmæti Nova Innviða og Sendafélagsins mun skýrast enn frekar þegar félögin birta rekstrareikninga fyrir árið 2026.

Nova á alla virku keðjuna, frá viðskiptavinum niður í flutningsnet.
Óvirkir innviðir (ljósleiðari og turnar) eru leigðir.

Uppgjör Q2 í hnotskurn

01 Sterkur kjarni og aðgerðir til að bæta kostnaðarhlutfall komnar í gang

Nova heldur áfram að skila sterku sjóðstreymi og skilaði 1.260 m.kr handbæru fé frá rekstri á fyrri árshelmingi. Markvissar aðgerðir til að auka rekstrarlegt hagræði halda áfram með það að markmiði að skila sterkari arðsemi. Sterkt sjóðstreymi skapar jafnframt svigrúm fyrir agaðan vöxt án þess að veikja kjarnastarfsemina.

02 Samstæða tekur á sig mynd

Ofar kemur inn í samstæðureikning frá 1. júní og áhrif félagsins á Q2 takmarkast því við einn mánuð. Rekstur Ofar var sterkur á fyrri árshelmingi með 26% tekjuvöxt og 46% EBITDA vöxt. Ofar styrkir enn frekar sterkt sjóðstreymi klúbbsins.

03 Kosmos ögrar markaðnum

Kosmos fór af stað í maí sem nýr áskorandi með lægstu verð í 5G net-og farsímaþjónustu. Al-first rekstrarlíkan og eSIM eingöngu ásamt lítil yfirbygging gera félaginu kleift að sækja fram á lágum kostnaðargrunni.

04 Fjárfestum í næsta vaxtarskeiði

Nova Klúbburinn er í markvissri umbreytingu með samþættingu Ofar, uppbygginu Kosmos og breytingum í kjarnarekstri Nova. Verkefnin gætu tímabundið haft neikvæð áhrif á EBITDA en skapa forsendur fyrir breiðari tekjugrunni og aukinni afkomu til lengri tíma.

NOVA

ofar

KOSMOS

ligo
Nova/Rafal

Sterkur sjóðstreymiskjarni í markvissri umbreytingu

Sterkur grunnrekstur

Nova heldur áfram að skila sterku sjóðstreymi og handbært fé frá rekstri nam 1.260 m.kr. á fyrri árshelmingi, sem undirstrikar traustan grunnrekstur.

Tekjuvöxtur í farsímaáskriftum, heimilistengingum, vörusölu og sérlausnum styrktu tekjuþróun á Q2, en minni reikitekjur erlendis drógu úr vexti. Tekjur jukust um 5% milli ára á meðan launakostnaður hækkaði um 5,4% og kostnaður seldra vara um 18%.

Sókn og hagræðing þegar hafin

Við höfum tekið fyrstu skrefin í nýrri sókn á fyrirtækjamarkaði og undirbúum markaðssókn til breiðari hóps á einstaklingsmarkaði með einfaldara vöruframboði og sterkari vild.

Samhliða vinnum að því að bregðast við kostnaðarvexti með einfaldara skipulagi, sameiningu sviða og aukinni nýtingu gervigreindar. Við höfum ákveðið að loka verslun Nova í Kringlunni í lok september.

Ofar kemur með sterkan tekjuvöxt og sjóðstreymi í klúbbinn

Ofar kemur inn í samstæðureikning frá 1. júní og áhrif félagsins á Q2 takmarkast því við einn mánuð.

Á fyrri árshelmingi jukust tekjur Ofar um 26% á milli ára og EBITDA um 46%. EBITDA hlutfall styrktist úr 6,8% í 7,8%. Ofar styrkir enn frekar gott sjóðstreymi klúbbsins.

Góð birgðastaða hefur stutt við afhendingargetu á tímum mikillar eftirspurnar eftir nýjum búnaði.

Fyrstu skref hafa verið tekin í uppbyggingu endurtekinna þjónustutekna.

Ofar kemur sterkt inn í samstæðuna með öflugan tekjuvöxt og bætta arðsemi á fyrri árshelmingi. Framundan er að byggja áfram á þeim grunni og auka vægi endurtekinna þjónustutekna.

Ofar kom inn í klúbbinn 1. júní og unnið er að því að koma auga á frekari samlegðartækifæri.

Samlegðartækifæri Nova og Ofar


Krosssala og nýir
tekjustraumar

170 m.kr.



Rekstrarkostnaður
Birgðastýring

80 m.kr.



Nýir tekjustraumar í tengslum við gagnaverin farnir að líta dagsins ljós og rekstrarkostnaður kemur inn á seinni hluta árs þegar birgðastýring Nova flyst til Ofar. Einungis nýir tekjustraumar sem búið er að semja um eru inni í áætlun.

**Ótakmarkað
Evrópusamband
2.990 kr.**



KOSMOS

**Borgaðu árið
fyrirfram
25%
afsláttur**

Sterkt sjóðstreymi fjármagnar vöxt og skil til hluthafa

Forgangsroðun fjármagns*

F1

Sterkur efnahagur

Viðhöldum sterkum efnahagsreikningi og fjárhagslegum sveigjanleika til að standast sveiflur og grípa góð vaxtartækifæri.

F2

Öflugur kjarnarekstur

Tryggjum viðhaldsfjárfestingar, innviðauppbýggingu, rekstraröryggi og nauðsynlega umbreytingu kjarnarekstrarins.

F3

Arðbær vöxtur og skil til hluthafa


Fjárfestum í verðmætaskapandi vexti og skilum umframfjármagni til hluthafa.

*Arðgreiðslustefna Nova Klúbbsins: Stefna Nova Klúbbsins er að viðhalda sterkum efnahagsreikningi sem er vel varinn fyrir efnahagssveiflum eða öðrum utanaðkomandi áhættupáttum, en einnig með getu til þess að grípa góð tækifæri til vaxtar og styrkingar fyrir félagið og hluthafa þess. Með það til hliðsjónar hefur félagið sett sér markmið um að lágmarka fjármagnskostnað, tryggja innviði og önnur verðmæti fyrirtækisins og hámarka virði hluthafa sem og annarra hagsmunaaðila. Að uppfylltum þessum markmiðum mun félagið ráðstafa hluta af hagnaði effir skatta ár hvert til arðgreiðslu eða til lækkunar hlutafjár með endurkaupum.


Áframhaldandi tekjuvöxtur í kjarnastarfsemi Nova

Tölur án áhrifa vegna stofnunar Kosmos og kaupanna á Ofar

Heildartekjur
Milljónir króna



Tekjuþróun eftir flokkum
Milljónir króna






- Þjónustutekjur Nova aukast um 3,2% milli ára, drifnar áfram af vexti í FastNeti.
- FlakkNet-tekjur standa í stað, þar sem vöxtur í tekjum af farsímapjónustu vegur upp samdrátt í erlendum reikitekjum.
- FastNet heldur áfram sterkum vexti, bæði vegna fjölgunar heimilistenginga og góðs vaxtar í Sérlausnum.
- Góður vöxtur í tekjum af vörusölu, meðal annars vegna aukinnar sölu handtækja.
- Aðrar tekjur aukast um 13% á leiðréttum grunni, einkum vegna aukinna tekna af endursölu.

*Leiðrétt fyrir áhrifum af tekjum frá Sendafélaginu á samanburðarári

Heildartekjur samstæðu jukust um 764 m.kr. á öðrum ársfjórðungi

Að teknu tilliti til tekjuáhrifa frá stofnun Kosmos og kaupanna á Ofar



Tekjur Ofar komu inn frá og með 1. júní


Rekstrarafkoma Nova í takt við áætlanir ársins

EBITDA samtals 700 m.kr. án áhrifa frá rekstri Kosmos og Ofar

- Hækkun KSV skýrist fyrst og fremst af breyttu rekstrarfyrirkomulagi Sendafélagsins, auk meiri kostnaðar vegna fjölgunar viðskiptavina og aukinnar notkunar á fastneti.
- Launakostnaður Nova hækkar um 5,4% milli ára, einkum vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Stöðugildum hefur fækkað frá áramótum og voru á öðrum ársfjórðungi í takt við samanburðarár.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar aðallega vegna almennra verðlagshækkana þjónustuaðila, þegar leiðrétt er fyrir einskíptiskostnaði vegna kaupanna á Ofar.
- EBITDA Nova er um 700 m.kr. og í takt við áætlun. Lækkun frá fyrra ári skýrist að mestu af breyttu rekstrarfyrirkomulagi Sendafélagsins, þar sem afkoma þess færir nú undir hlutdeild í afkomu.


Þróun EBITDA og EBITDA hlutfalls

Milljónir króna



Þróun kostnaðarliða milli ára

Milljónir króna




Breytt samstæða hefur takmörkuð áhrif á EBITDA á tímabilinu

Rekstrarkostnaður eftir stofnun Kosmos kemur á móti jákvæðri EBITDA Ofar

- Ofar er hluti af samstæðu frá 1. júní og hækkar bæði tekjur og rekstrarkostnað. Vegna árstíðarsveiflna í rekstri Ofar er kostnaðarhlutfall hærra á tímabilinu og EBITDA-framlag því takmarkað.
- Kosmos er hluti af samstæðu frá upphafi ársfjórðungs og rekstrarkostnaður vegna uppbyggingar félagsins kemur inn að fullu á tímabilinu.
- Kostnaðarverð seldra vara hækkar verulega, að stórum hluta vegna Ofar og breytts rekstrarfyrirkomulags Sendafélagsins.
- EBITDA nemur 702 m.kr. þar sem jákvætt framlag Ofar vegur að hluta upp kostnað vegna uppbyggingar Kosmos.
- Samanburður við fyrra ár er takmarkaður, bæði vegna breyttrar samsetningar samstæðu og breytts rekstrarfyrirkomulags Sendafélagsins.


Þróun EBITDA og EBITDA hlutfalls

Milljónir króna



Hlutfallsleg skipting gjalda

Milljónir króna



Heildar rekstrarafkoma samstæðu í takt við áætlanir

Tekjuvöxtur 22% og EBITDA nam 702 m.kr. á öðrum ársfjórðungi

	2F26	2F25	Breyt.	Br. %	6M26	6M25	Breyt.	Br. %
Heildar rekstrartekjur	4.192	3.429	763	22%	7.423	6.753	671	10%
Kostnaðarverð seldra vara	2.345	1.528	817	54%	4.012	3.013	999	33%
Laun og launatengd gjöld	729	549	179	33%	1.319	1.099	221	20%
Annar rekstarkostnaður	416	297	119	40%	741	598	143	24%
Heildarrekstrargjöld	3.490	2.374	1.116	47%	6.072	4.709	1.363	29%
EBITDA	702	1.054	-352	-33%	1.351	2.043	-692	-34%
EBITDA%	17%	31%	-14%	-46%	18%	30%	-12%	-40%
Afskriftir	-416	-608	-192	-32%	-781	-1.190	-409	-34%
Rekstrarhagnaður EBIT	286	447	-161	-36%	570	853	-283	-33%
Hrein fjármagnsgjöld	-272	-255	-17	6%	-474	-455	-19	4%
Áhrif hlutdeildafélaga	25	-3	28	n/a	71	-3	74	n/a
Tekjuskattur	-5	-39	34	-87%	-24	-78	54	-69%
Hagnaður tímabilsins	34	149	-115	-77%	143	317	-174	-55%
Grunn hagnaður á hlut	0,010	0,042	-0,032	-76%	0,041	0,089	-0,048	-54%

Breytt samsetning samstæðu hefur veruleg áhrif

- Ofar varð hluti af samstæðu Nova frá 1. júní 2026 og hefur því áhrif á rekstrartölur í einn mánuð á öðrum ársfjórðungi.
- Kosmos er hluti af samstæðu frá upphafi annars ársfjórðungs og hefur einnig áhrif á tekjur, kostnað og EBITDA tímabilsins.
- Rekstrartölur 2026 eru því aðeina að hluta til samanburðarhæfar við fyrra ár, þar sem samsetning samstæðunnar hefur breyst verulega.
- Að auki hefur breytt rekstrarfyrirkomulag Sendafélagsins áhrif á samanburð milli ára, bæði á tekjur og rekstrarafkomu.

Sterkur efnahagur eftir stækkun samstæðu





Eignir aukast um 22% og eiginfjárlutfall er 33%

Eignir, m.kr.	30.06 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Viðskiptavild	13.070	10.136	2.934	28,9%
Óefnislegar eignir	1.386	1.330	56	4,2%
Rekstrarfjármunir	1.702	1.276	426	33,4%
Leigueignir	4.742	4.268	474	11,1%
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum	1.184	1.113	71	6,4%
Lán til tengdra aðila	152	1.801	-1.649	-91,6%
Tekjuskattsinneign	784	704	80	11,4%
Fastafjármunir samtals	23.022	20.628	2.394	11,6%
Birgðir	2.052	329	1.723	523,7%
Viðskiptakröfur	2.199	1.206	993	82,3%
Aðrar skammtímakröfur	462	491	-29	-5,9%
Handbært fé	928	890	38	4,3%
Veltufjármunir samtals	5.641	2.916	2.725	93,4%
Eignir samtals	28.663	23.545	5.118	21,7%

Skuldir og eigið fé, m.kr.	30.06 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Eigið fé	9.315	9.595	-280	-3,0%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	4.941	1.785	3.156	176,8%
Leiguskuldbindingar	6.729	6.289	440	7,0%
Aðrar skuldir	3.493	3.122	371	11,8%
Langtímaskuldir samtals	15.163	11.195	3.968	35,4%
Næsta árs afb. Langtímaskulda	305	105	200	190,5%
Viðskiptaskuldir	1.725	892	833	93,4%
Ógreiddir skattar	114	414	-300	-72,5%
Næsta árs afb. leigusk.	418	353	65	18,4%
Aðrar skammtímaskuldir	1.623	978	645	66,0%
Skammtímaskuldir samtals	4.185	2.753	1.432	52,0%
Skuldir samtals	19.348	13.949	5.399	38,7%
Skuldir og eigið fé samtals	28.663	23.545	5.118	21,7%

Stækkun samstæðu fjármögnuð á sterkum grunni

Sterk eiginfjárstaða og hófleg skuldsetning




¹ Heildar vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir (langtíma- og skammtímahluti)

² Nettó vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir / 12M EBITDA (Innifelur áætlaða 12m hlaupandi EBITDA Ofar)


Sterkt sjóðstreymi frá rekstri styður við fjárfestingar og vöxt

Handbært fé frá rekstri er 1.029 m.kr. á öðrum ársfjórðungi


Helstu breytingar í handbæru fé, m.kr.



FCF¹ og FCF¹/Heildartekjur, m.kr.



Handbært fé frá rekstri, m.kr.




¹ FCF = Veltufé frá rekstri að frádregnum fjárfestingum í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum

Fjárfestingar í takt við áætlun

Áhersla á sterka innviði, stafræna upplifun og aukna sjálfvirkni

Fjárfestingar, m.kr.

Óefnislegar eignir
Rekstrarfjármunir



Rekstrarfjármunir

- Síðastliðin áramót breyttist fyrirkomulag rekstrar dreifikerfis farnets með framsali eigna yfir til Sendafélagsins. Fjárfesting í dreifikerfi farnets er nú í Sendafélaginu og helsta áhersla þar er að stækka þjónustusvæði 5G og bæta dreifkerfið í dreifbýli.
- Áframhaldandi eftirspurn eftir gagnaflutningi fyrir gagnaver sem knýr áfram fjárfestingu í aukinni afkastagetu og öryggi í stofnneti.


Óefnislegar eignir

- Aukin fjárfesting í stafrænum innviðum, sem styður við aukna sjálfsafgreiðslu, bætta þjónustu og leggur áherslu á hagnýtingu gervigreindar (AI).
- Fjárfest í MVNO-innviðum Nova fyrir heildsölu, meðal annars vegna Kosmos og tækifæra á heildsölumarkaði.

Áhrif Ofar og Kosmos á tímabilinu

- Í heildina fjárfestu félögin samtals 86 m.kr. í vörupróun og búnaði

Próun fjárfestinga eftir ársfj., m.kr.



Uppfærð afkomuspá ársins 2026

- **Afkomuspá innifelur nú áhrif vegna kaupa á Ofar frá og með 1. júní**
- Afkomuspáin er sett upp miðað við áhrif vegna breytinga á rekstri Sendafélagsins sem færist nú undir hlutdeild
- Spáin byggir á áframhaldandi vexti þjónustutekna, drifnum af vexti á fastneti sem innifelur tekjur af Sérlausnum
- Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í vörusölu og að aðrar tekjur verði í línu við fyrra ár
- Gert er ráð fyrir einfaldari yfirbyggingu og fækkun sviða hjá Nova

Tekjur

19,0-19,4 ma.kr.

2025*: 13,2 ma.kr.
~ 44-47% vöxtur

EBITDA

3,6-3,8 ma.kr.

2025*: 3,1 ma.kr.
~ 16-23% vöxtur

Fjárfestingar

~1.200 m.kr.

2025*: 1.027 ma.kr.
~ 17% hækkun milli ára

*2025 tölur leiðréttar fyrir áhrifum af breytingum vegna Sendafélagsins

Fyrirvari

Upplýsingarnar í þessari kynningu byggja á þeim gögnum sem lágu fyrir við gerð hennar og heimildum sem Nova Klúbburinn telur áreiðanlegar. Kynningin kann að innihalda mat, áætlanir og væntingar stjórnenda um framtíðarþróun, en slíkar upplýsingar fela ekki í sér loforð um tiltekna þróun eða niðurstöðu.

Ýmsir þættir geta leitt til þess að raunveruleg þróun og afkoma verði frábrugðin því sem gert er ráð fyrir í kynningunni. Þar má meðal annars nefna breytingar á efnahags- og samkeppnisumhverfi, tækniþróun, aðgengi að fjármögnun og ákvarðanir stjórnvalda og eftirlitsaðila.

Upplýsingar og staðhæfingar í kynningunni miðast við birtingardag hennar. Félagið tekur ekki að sér að uppfæra kynninguna vegna upplýsinga eða atvika sem síðar koma fram, nema því beri skylda til samkvæmt lögum eða reglum.

Kynningin er fyrst og fremst ætluð til almennrar upplýsingagjafar. Viðtakendur eru hvattir til að kynna sér málefni félagsins sjálfstætt og byggja ákvarðanir sínar á eigin mati.